

Stjórnarfundur Leiðsagnar, 8. september 2020

Fjórði fundur núverandi stjórnar Leiðsagnar var haldinn 8. september klukkan 18:30 Fundinn sátu Júlíus Freyr Theódórsson, Óskar Þór Kristjánsson, Pétur Gauti Valgeirsson, Vilborg Anna Björnsdóttir og Friðrik Rafnsson ritaði fundargerð.

Fundarefni:

1. Síðasta fundargerð. Samþykkt.
2. Kreditkort félagsins. Starfsmaðurinn á skrifstofunni, Ragnheiður Ármannsdóttir, notar það.
3. Staða félagsins. Fjármál. Um það bil 40% minni tekjur en á sama tíma í fyrra en tekjur koma inn í gegnum VMST. Um það bil í jafnvægi, þarf að vera skýrara og liggja fyrir á hverjum fundi stjórnar. Þarf að halda kostnaði niðri sem allra mest. Vikuvinna fyrir Óskar að koma þessu í lag. Fagdeildin hittist í vikunni. Óskar eftir meiri upplýsingagiöf, þarf að laga það og skýra hlutverk hennar. Ætla að hittast aftur í lok mánaðarins og fá formanninn á þann fund.
4. Húsnæðismál. Húsnæðismál. Fundur með ASÍ vegna þess og lögfræðimála. Tala við Rafiðnaðarsambandið sem er með hæð sem má samnýta mjög vel.
5. Lögfræðingamál. Lögfræðingamál. Ýmis mál í gangi. Aflað upplýsinga. Félög gera samning við stofu, undirbúa mál og sum þeirra eru tekin en félögin greiða ekki mikinn lögfræðikostnað sjálf. Það er einstaklinganna að sjá um það. Félagið aðstoðar fólk við að afla grunngagna, visar á sérfróðan lögfræðing sem metur gögnin og hvert mál fyrir sig og ákveður framhaldið. Ræða við tvo eða þrjá lögfræðinga og gera þjónustusamning.
6. Undirbúningur trúnaðarráðsfundar.
7. Allar fastanefndir nú fullskipaðar og verða þau nöfn sett á vefinn.
8. Rætt um vinnu í framtíðarhópi á vegum ASÍ. Hún er á byrjunarstigi.
9. Annað ekk rætt.